Morgunn föstudag.                Færeyjum 11/4 47.

Elsku mamma mín!

Við erum nú ekki komnar lengra
enn þá. Við vorum bara 14 tíma
til ~~Fær~~ Vestmannaeyja það var svo
hvasst á móti ein 8 eð 10 stig svo
bilaði vélin í ½ tíma úti í Faxaflóa
og var ekkert sjóveik fyrstu nóttina
en svo höfum við ekki verið
úr rekkju þangað til í gærkveldi
um 11 leitið þá komum við til
Færeyja þá klæddum við okkur
og fórum út að fá okkur loft.
Þá fréttum við að hér ættum við
að stansa í tvo daga eða föstudag og

laugardag af því það er soo
mikið af vörum. Jaa núna
er klukkan um ½ 10 og eg er
búin að sofa svo vel í nótt
herna við bryggjuna soo ættum
við að fara að fara upp að skoða
bæinn nú alla eg að hakka um
hinsa því við ættum að fara að
fara upp og út. (meira seinna)

Um 5 leitið á laugardaginn 12/4. 47.
Jæa Mamma mín nú erum við
búnar að fara á færingaball það var
í gærkveldi það er nú ekki eins og
allir halda að þeir séu í duggarapeisum
og stigvelum það voru bara aðeins
3 á peisum þar var 6 manna hljómsveit

létti er nokkur í Hafnarfirði svo
var ballið búið kl. 12. þá fóru allir
upp í skip aftur og varð úr því soona
smá pardy hér og þar. Svo í dag
fengum við okkur bíl 5 saman við
og Guðjón skólastjóri og svo tveir aðrir
bílar fórum 13 kilometra úteftir að
skoða sögulegan stað sem heitir Kirkjubær
þar er 900 ára gamalt hús og kirkja frá
13 öld þar býr núna maður á miðal-
aldri en sem talar íslensku en faðir
hans var Johannes Paterson en konan hans
var íslensk Jaa mamma mín
núna er klukkan að verða ½ 6
og það verður farið að hringja í
matinn svo verður lagt af stað
héðan í nótt svo að ég hirt ekki við
að ég skrifi meira í þetta bréf

því að ég er ekki svo hundug þegar
skipið fer að hreifast ég er að skrifa
Völu jafnhleiða svo sed ég þessi
bref í póst strax þegar ég kem í
Köfn. Ég bið að heilsa öllum og
serstaklega Þorvaldi bróðir ég
gleymdi að segja þér að ég var að
hugsa um að gefa honum Þorvaldi
fóðraðar hanska og eitthvað meyra
ef þú finnur. Svo óska ég Gunnlaugi
til hamingju með afmælið. Svo ætla ég
að biðja þig að biðja Sillu Arnórs að koma
til mín með pundin mín sem ég gleymdi í
skápnum og síða kjólinn minn hermannagræni
sem ég var að sauma og helst silfurskóna.
(Verður líklega ekki farið fyr en í fyrramálið. sunnudag)

Vertu sæl mamma mín Þóra.

Mánudagurinn 14. apríl

sólarhring í viðbót

Jæa Mamma mín nú erum við

lagðar af st. það var farið kl. um 12 í

gær dag svo um 1 leitið skreiddumst

við í koju því að það var farið að rugga

svo mikið. Núna er klukkan um 5 og

við liggjum allar í kojum við vorum

að lesa allar áðan en svo duttum

við allar út af áður en við vissum af

og svafum víst í eina 2 tíma. núna

erum við að skrifa í dagbækurnar og

bréf. Í gærkveldi vorum við að syngja

og ég þóttist vera að spila á munnhörpuna

núna ég fór með hana með og það varð

nú heldur en ekki hlátur úr því

svo að sjóveikin gleymdist alveg í bili.

Guðjón skólastjóri kemur altaf hingað nokkrum sinnum á dag og gerir að í okkur hvað við erum latar að liggja svona allan daginn. Við höfum líkast til bestu kojuna í skipinu segir fólkið sem komið hefur inn það eru 3 kýrungu svo að það er alveg bjart á daginn 2 vaskar og 4 fataskápar Eg ligg hérna og skrifa á veggnum og hossast upp og niður svona við og við svo að það er ekki von að þetta sé vel skrifað eða beint. Nú á Gunnlaug afmæli í dag eg sá það í dagbókinni minni. Við Ella iðum hérna á bærnum yfir leiknum, sem á að fara fram í kvöld. Hér er ekkert útvarp svo að

við vitum ekkert fyr en seggi skrifar.

Þriðjudaginn 15 April.

Við vöknuðum í morgun kl. að ganga 9. þá fórum við allar í bað og þvoðum okkur um hausana. ekki veitti af eftir Víka skrölt og saltabað eftir það fórum við upp á dekk þá var sól en kuldi fór fljótt. Svo vorum við að labba um skipið og heimsækja stúlkurnar og velamennina og skoða okkur um. Í kvöld var slegið upp balli það voru tveir menn. sem skiftust á að spila á píanóið. Svo dönsuðu Færeyingarnir fyrir okkur færeyiska dansa og við dönsuðum vikivaka fyrir þá. Eg hef ekki fundið fyrir sjóveiki í allan dag svona venst maður öllu með tímanum. Jæa mamma mín í fyrramálið um kl. 10 verðum við í Kaupm. mannahöfn

Fimmtudagur. Jæa Mamma mín núna erum við

komnar í land í þessu fína veðri fyrsti heiti

dagurinn segir það hér. Það kom piltur að taka

á móti okkur og þá borðuðum við og drukkum

svo fylgdi hann okkur til heimilissins sem

við erum á nú.

Núna sitjum við hjá Möggu frænku Völu

við vorum að fara með pakka til hennar.

Við fórum í fyrsta sporvagninn til hennar.

og það gekk alveg prýðilega núna áðan

við í sporvagn niður á Ráðhústorgið og

vita hvort við rötum til baka. og setja

þessi bréf í póst og sækja peninga.

Vertu sæl mamma mín.

Bið að heilsa öllum.

Þóra

meira seinna.

Mánudagurinn 28/4 47.

Kondu nú sæl mamma mín!

Ég sit hérna uppi á hótelinu, sem við búum í við höfum 2. herbergi Ella og litla Ég og Gerða. Kl er að verða tólf svo að það fer að líða að matartíma og stelpurnar fara að sækja okkur það er borðað uppi hérna á 5 hæð. Farfuglaheimilið sem við fórum á fyrst var alveg áskapa legt. það var salur eins og stór skólastofa með um það bil 30–40 rúmum og svo kallt eins og þú getur ýmindað þér og vakna á morgnana í alveg ókunnu her er allt sparað bæði Gás og hiti. Þar urðum við að vera komnar inn

að sofa kl. 10 og út kl. 9 á morgnana
og ekki koma inn ~~til~~ fyr en kl. 4.
þetta eru reglurnar. svo að þetta
passaði ekki fyrir okkur, við vorum
þar í 5 nætur.
Í gær komum við hingað aftur
eftir ferðalag til Svíþjóðar, þangað
fórum við á fimmtudags morgun
með flugvélinni ~~til~~ Malmö það tók
aðeins 15 min í allt í flugvél þar
vorum við eina nótt á hóteli svo
daginn eftir með járnbraut til Gautaborg
þar vorum við í 2 nætur fórum á
restrant svo daginn eftir að versla
ég keypti mér ekta sænska skó útskorna

veski og naloo busta svo fórum við
á fótboltakeppni svo með lest Kl. 4.
og komum hingað kl. 11 í gærkveldi
við borðuðum og drukkum í járnbrautinni

Við fórum að sjá nýja konunginn eftir
krýninguna þegar hann kom út á
svalirnar og svo þegar hann fór í
vagninum út í höllina sína.
Ja það er nú munur að koma til
Svíþjóðar þar er allt til milli himins
og jarðar maður getur alveg orðið
ruglaður að sjá þetta allt saman og
geta ekki keypt nema lítið og þar er
allt upp Gönnað á kvöldin en hér

er allt svart ekki ljós í nokkrum
glugga eða skyltti á kvöldin svo að
við sjáum ekki borgina í sinni dýrð.
hér er allt sparað og ekki hitað upp
nema lítið. Jaa mamma mín við
erum alltaf á fleygi ferð á bíó og restragi
og í heimsóknum á daginn við höfum
farið til Palls kennara Möggu úr
Gröf hún bauð okkur svo einn daginn
í voða finan mat til hennar. svo höfum
við farið til Dídó, Ellu Magg. þetta
er allt í sinn hverju enda bæjarins
Svo kemur það nú fyrir að við förum í
vitlausa átt í þessum blessuðum sporvögnum.
Ég vona að Þorvaldur hafi fengið skeitið.
Ég bið að heilsa Önnu ég ætla að skrifa
henni bráðum. Heilsaðu öllum frá mér. meira seinna
Vertu sæl mamma mín
Þóra